

Fundargerð 128. fundar

fræðslumálanefndar sambandsins

Árið 2020, mánudaginn 12. október kl. 12:30 kom fræðslumálanefnd sambandsins saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Einar Már Sigurðarson, Helgi Arnarson, Herdís Ásu Sæmundardóttir, Skúli Þór Helgason og Anna Birna Snæbjörnsdóttir.

Að auki sátu fundinn: Guðjón Bragason sviðsstjóri, Klara Eiríka Finnbogadóttir sérfræðingur, Bjarni Ómar Haraldsson sérfræðingur, Valgerður Freyja Ágústsdóttir sérfræðingur, Valgerður Rún Benediktsdóttir lögfræðingur, Svandís Ingimundardóttir skólamálafulltrúi og Þórður Kristjánsson sérfræðingur í skólamálum, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

Skólamálafulltrúi bauð Önnu Birnu Snæbjörnsdóttur velkomna í fræðslumálanefnd. Þá fór hún yfir síðustu fundargerð og stöðu eftirfylgdar með einstökum málum sem eru flest í góðum farvegi og sum afgreidd.

1. Kjarasamningur FG og SNS - 2009607SA

Kjarasamningur var undirritaður við FG 7. október sl.

Bjarni Ómar Haraldsson kom og ræddi megininntak samningsins, eftirfylgd hans og áhrif. Hann hefur verið kynntur á vettvangi sveitarfélaga og félagsmönnum FG og atkvæðagreiðslu um hann lýkur 23. október nk.

Fræðslumálanefnd hrósaði SNS fyrir gerðan samning og áhugavert yrði að fylgjast með þróun samtalsins þegar farið verður að huga að innleiðingu starfsmats hjá kennurum sem er ein helsta nýjungin í samningnum. Það gæti orðið skref í þá átt að þroska samtalið um inntak kennarastarfið og þróa áfram hugmyndir til framtíðar. Nefndin áréttar mikilvægi þess fyrir þróun skólastarfs að sveitarfélög og stjórnendur vinni samkvæmt bókun 3 í kjarasamningnum um sveigjanlegt starfsumhverfi kennara. Þá kom til tals spurningakönnun sem unnið er að í samstarfi menntamálaráðuneytis, sambandsins og KÍ um viðhorft kennara á öllum skólastigum til skólastarfs, starfsumhverfis og líðunar. Voru skiptar skoðanir á tímasetningu hennar og mögulegrar "kannanapreytu" meðal kennara og stjórnenda í Covid-19 ástandi.

2. Starfshópur um styrkingu leikskólastigsins - 2009059SA

Starfshópur á vegum menntamálaráðuneytisins um styrkingu leikskólastigsins vinnur að tillögum í því skyni. Klara E. Finnbogadóttir, fulltrúi sambandsins í hópnun fór yfir fyrstu drög að tillögum, gerði grein fyrir framgangi starfsins og óskaði eftir álit og athugasemdum fræðslumálanefndar. Fram kom að bæði Grunnur og skólamálanefnd SSH hafa sent inn athugasemdir til ráðuneytis og kvartað undan skorti á fulltrúum frá sveitarfélögum í þessari mikilvægu vinnu. Við

Því verður brugðist af hálfu ráðuneytis.

Lagt var til að tekin yrði umfjöllun um tillögudrögin á fundi sambandsins með fræðslustjórum sem fyrirhugaður er 27. október nk. enda fólk ekki á einu máli um þau. Fram kom að mörg sveitarfélög hafa markvisst unnið að betrubótum á starfsumhverfi leikskólans og lagt var til að gerð yrði úttekt á þeim leiðum sem sveitarfélögin hefðu farið í þeim efnum. Bent var á að ýmislegt í þeim tillögum sem starfshópurinn er að vinna að hefur þegar komist til framkvæmda.

3. Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2021 og fjármálaáætlun 2021-2025. - 2010020SA

Málefnasvið 22 í frumvarpi til fjárlaga og í fjármálaáætlun fjallar um leik- og grunnskólastig. Tónlistarfræðsla fellur undir málefnasvið 21. Guðjón Bragason fór yfir drög að umsögn sambandsins með fræðslumálanefnd. Markmiðin í fjárlagafrumvarpinu eru metnaðarfull en því miður kemur ekki fram að þau séu fjármögnuð. Fram kom m.a. að Menntamálastofnun verði virðist verða fyrir alvarlegum niðurskurði til verkefna eins og læsismála, ytra mats, námsgagnaútgáfu o.fl.auk þess sem henni eru ætluð ný verkefni sem ekki eru fjármögnuð.

Fræðslumálanefnd telur jákvætt að sjá að í fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarpi koma fram metnaðarfull markmið um framþróun í leik- og grunnskólastarfi og telur að aukin áhersla á grunnmenntun sé forgangsmál við uppbyggingu innviða samfélagsins í kjölfar Covid-19 kreppunnar. Til þess að öflugt skólastarf þrífist um land allt skiptir faglegur stuðningur meginmáli, ásamt aðgengi að góðu námsefni og starfsþróun kennara og skólastjórnenda. Menntamálastofnun er megin framkvæmdaaðili margra þeirra framfaraverkefna sem finna má í frumvarpi til fjárlaga. Það vekur hins vegar áhyggjur fræðslumálanefndar að sjá öll þau verkefni sögð „innan ramma“, sem skilja má þannig að engir nýir fjármunir séu ætlaðir til þeirra. Hér skortir verulega á gagnsæi í framsetningu fjárlaga og fjármálaáætlunar. Mikilvægt er að við umfjöllun um fjárlagafrumvarp og fjármálaáætlun á Alþingi verði kallað eftir nánari upplýsingum um fjármögnun einstakra verkefna. Sérstaklega skiptir sveitarfélögin máli að sjá hvernig fjármögnun verkefna sem heyra undir málaflokk 22.1 um leik- og grunnskóla er tryggð. Í því skyni má sérstaklega nefna að viðhalda þarf og efla þá fagþekkingu sem orðið hefur til í tengslum við læsisverkefni og ytra mat og fjármagna til lengri tíma.

Fræðslumálanefnd leggur jafnframt áherslu á að stuðningur ríkisins við tónlistarfræðslu verði aukinn, í samræmi við tillögur samráðsnefndar um framkvæmd samkomulags um tónlistarfræðslu.

4. Sprotasjóður - umræða um hlutverk. - 2009083SA

Umræður hafa orðið í stjórn Sprotasjóðs um útvíkkað hlutverk Sprotasjóðs í því skyni að hvetja og styðja betur við skólaþróun í sveitarfélögum með áherslu á aukið samstarf milli og innan þeirra. Aðstöðumunur sveitarfélaga er umtalsverður þegar kemur að viðbótarfjármögnun til skólaþróunar og faglegu baklandi. Jón Torfi Jónasson, fulltrúi háskólastigsins í stjórn Sprotasjóðs kom á fundinn og ræddi möguleika sjóðsins í þessa veru og mikilvægi samstarfs við fræðsluyfirvöld í héraði um slíka þróun og taldi Grunn spila þar lykilhlutverk. Fram kom að Reykjavíkurborg hefur farið á undan með mjög góðu fordæmi og styður nú myndarlega við starfsþróun sinna kennara, bæði fjárhagslega og faglega með

Nýsköpunarmiðju menntamála og Miðju máls og læsis hjá Skóla- og frístundasviði. Fræðslumálanefnd fagnaði þessari umræðu og taldi mikilvægt að umræðan um lykilhutverk Grunns, félags stjórnenda á fræðsluskrifstofum, yrði mótuð í samráði við fræðslustjóra og fulltrúa þeirra sveitarfélaga sem ekki hefðu fræðsluskrifstofu. Mikilvægt væri að ná til þeirra jafnframt. Þá var lögð á það áhersla að tengja þyrfti starfsþróunarsjóðina betur saman og reyna að hámarka skilvirka nýtingu þess mikla fjármagns sem í þeim er. Fram kom að stjórn Sprotasjóðs og stjórn Grunns fundar um málið í næstu viku og fræðslumálanefnd yrði upplýst um framgang málsins í kjölfar þess fundar.

5. Samráðsfundir Menntamálastofnunar og sambandsins - 2010012SA

Sambandið hafði frumkvæði að því að koma á föstum samráðsfundum þess og MMS og lögð á það áhersla að stofnunin eigi öflugan bakhjarl í sveitarfélögunum sem jafnframt treysti á faglegan stuðning hennar og ráðgjöf. Fundargerð 1. samráðsfundar var lögð fram til kynningar.

6. Íslensku menntaverðlaunin 2020-2025 - 2009058SA

Tilnefningar til Íslensku menntaverðlaunanna hafa verið tilkynntar og afhending þeirra fer fram 13. nóvember. Klara E. Finnbogadóttir, fulltrúi sambandsins í viðurkenningarráði greindi frá tilnefningum og sagði frá góðri umfjöllun á sjónvarpsstöðinni N4 en áhugi RÚV á málinu væri því miður enginn. Mikil ánægja er með það að Íslensku menntaverðlaunin hafa verið endurvakin og mikilvægt að íslensku skólastarfi sé sómi sýndur á þennan hátt.

Fundi var slitið kl. 14:30

Einar Már Sigurðarson

Helgi Arnarson

Herdís Ásu Sæmundardóttir

Skúli Þór Helgason

Anna Birna Snæbjörnsdóttir